

Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga ORVFÍ
Bergur Jónsson, formaður
Kjalarlandi 11
108 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/615
komudagur 13.1.2006

Menntamálanefnd Alþingis
Elisabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. jan. 2005

Efni: Frumvarp til laga um Stofnun Íslenskra fræða - Árnastofnun
Þskj. 363 - 331. mál

Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga (ORVFÍ) fagnaði því að fá sent til umsagnar ofanefnt frumvarp til laga og þakkar fyrir þá virðingu og eftirtekt á störfum nefndarinnar, sem henni er með því sýnd. Á 65 ára starfsferli sínum hefur ORVFÍ gefið út 16 orðabækur með íðorðum um rafmagnsfræði, lengi vel með aðstoð Bókaútgáfu Menningarsjóðs en frá 1995 á eigin ábyrgð og kostnað. Félagar í ORVFÍ hafa ávallt stundað orðanefndarstörf sín án endurgjalds.

ORVFÍ leggur ríka áherslu á, að áfram verði unnið ötullega að íslenskri nýyrðasmíð á sem flestum sviðum til að efla íslenska tungu og verjast erlendum máláhrifum. Öflugar og virkar orðanefndir sérfræðifélaga og einstaklinga eru afar mikilvægur þáttur í þessu starfi.

ORVFÍ telur, að hagræði geti orðið við það, að stofnanirnar fimm sameinist, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, ef nábyli starfsmanna nýrrar stofnunar auðveldar samstarf og upplýsingaflæði og þannig verði búið að stofnuninni, að samnýta megi skrifstofuþjónustu, tæki, búnað og aðra nauðsynlega sameiginlega þjónustu. Með því móti gætu sérfræðingar stofnunarinnar einbeitt sér betur að fræðistörfum sínum. Víst er, að til þessa hafa fáir starfsmenn, sérfræðingar, annast rekstur hvernar stofnunar um sig og sinnt þar öllum störfum, sem til hafa fallið.

Samkvæmt eðli málsins hefur ORVFÍ fyrst og fremst átt samskipti við Íslenska málstöð á undanförunum áratugum, þó að einnig hafi verið leitað til Orðabókar Háskóla Íslands. Öll samskipti við hvora tveggja stofnunina hafa verið góð, enda þótt orðanefndin hefði kosið, að þau væru jafnvel meiri og nánari. Orðanefndin telur, að einkum megi kenna um fjárskorti og mannfæð Íslenskrar málstöðvar, að tengslin hafa ekki verið eins nán og snurðulaus og nefndin hefði helst kosið. Þar má nefna sem dæmi, að ekki hefur enn unnist tími til að koma nýjustu íðorðum orðanefndarinnar í orðabanka málstöðvarinnar. Þar sem orðanefndin hefur frá upphafi starfs síns haft annan hátt á skráningu íðorða sinna en málstöðin gerir ráð fyrir, hefur dregist að færa nýjustu íðorð ORVFÍ inn í orðabankann. Orðanefndin telur brýnt, að betur verði búið fjárhagslega að þessum þætti innan nýrrar stofnunar.

Í 3. gr. frumvarps þess, sem hér er til umsagnar, kemur fram, að hlutverk hinnar nýju stofnunar verði að stuðla að eflingu íslenskrar tungu, meðal annars með útgáfu lýsandi orðabóka. ORVFÍ hvetur Alþingi til að tryggja, að hin nýja stofnun fái ríkulegri fjárveitingar til þessarar starfsemi en forveri hennar, Íslensk málstöð, hefur fengið til þessa. Hið mikilvæga starf íðorðanefnda er

marklaust ef ekki er jafnframt unnið skipulega að því að koma íslenskum orðaforða á framfæri, bæði í prentuðum orðasöfnum og í öflugum orðabanka á Netinu.

Mikilvægt er því, að hin nýja stofnun taki að sér að gefa út á bók orðasöfn orðanefnda. Slík útgáfa verður að teljast afar brýn til eflingar íslenskri tungu á tímum hraðra tækniframfara og ört vaxandi tækniorðaforða.

Þá þarf hin nýja stofnun að fá fjárveitingu, sem geri henni mögulegt að styðja við starf orðanefnda með námskeiðahaldi og samráðsfundum, þar sem vinnubrögð ólíkra orðanefnda eru samræmd eftir fönngum og leyst úr álitamálum, sem jafnan koma upp í starfi af þessu tagi. Þá væri enn fremur nauðsynlegt, að hin nýja stofnun hefði burði til að veita orðanefndum málfræðilega ráðgjöf og hefði á sínum snærum málfræðing, sem setið gæti fundi orðanefnda og tekið virkan þátt í starfi þeirra.


Sameiginleg stofnun íslenskra fræða verður án efa sterkari, ef svo verður að henni hlúð, að fjárskortur verði ekki til að hamla störfum. Eftir því sem best verður séð, hafa stofnanirnar fimm verið reknar með miklum ágætum þrátt fyrir hið mikla umfang verkefna, sem starfsmönnum þeirra hefur verið gert að fást við. Tvær rannsóknastöður til viðbótar þeim stöðugildum, sem stofnanirnar búa yfir, hljóta að koma sér afar vel og styrkja starfsemi nýrrar stofnunar.

Fagna ber þeirri ætlan að reisa nýtt hús undir starfsemi nýrrar stofnunar, enda hlýtur sameiginlegt húsnæði að vera forsenda þess, að árangur náist af þeirri hagræðingu, sem gera má ráð fyrir að leiði af sameiningunni. Ekki er síður mikilvægt, að vel takist til við hönnun og byggingu nýs húss til varðveislu þjóðargersema og til að gegna sérhæfðu hlutverki hinna fjölbreytilegu þátta, sem nýrri stofnun er ætlað að annast. Um leið á húsið að vera ljós vottur um þá virðingu, sem þjóðin vill sýna þessum þjóðargerseimum og rannsóknum á fræðasviðum stofnunarinnar, tungu og menningu.

Vel þarf að vanda til vals á forstöðumanni hinnar nýju stofnunar. Hann þarf að búa yfir mikilli yfirsýn og þekkingu á öllum verkefnum stofnunarinnar, geta greint þarfir hinna einstöku þátta af raunsæi og myndugleik, og tekið tillit til sjónarmiða, sem sérfræðingar stofnunarinnar, samverkamenn forstöðumansins ræða á sameiginlegum fundum með honum. Hætta er á árekstrum og að sjónarmið stjórnunar geti orðið of einhæf, ef ekki velst forstöðumaður, sem hefur víðsýni og óhlutdrægni varðandi fræðapætti stofnunarinnar að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

f.h. Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga, ORVFI



Bergur Jónsson, formaður